

FRÉTTABRÉF
KAYAK KLÚBBBSINS
2005

FRÁ FORMANNI



Upphaf þessa starfsár er búið að vera viðburðaríkt í meiralagi. Fyrst var það sundlaugamálið, þegar ekki átti að leifa kayakæfingar í nýju innilauginni en eftir töluvert ströggla sáu menn að sér og er þetta því líkur munur að þurfa ekki að berjast úti í stórhrið, heldur að damla um á kayak á sundfötunum einum saman. Bætt hefur verið við gámi á Geldinganesinu og er nú geymslupláss fyrir 80 báta þar ásamt félag-

saðstöðu með vatni og rafmagni, næsta skref er að ljúka við innréttingu “ávaxtagámsins” þar sem verða sturtur og búningsaðstaða. Síðastliðið sumar fékkst samþykki hjá Borgarskipulagi að fara út í skipulagsvinnu á svæðinu, reyndar er smá hik á okkur, þar sem svo virðist að leirset sé að aukast við eiðið eftir að vegur var lagður yfir það og lokar þar með fyrir öldu og straum sem áður hreinsaði slík set í burtu. Nú eru menn því að velta fyrir sér að fara í samstarf við Brokey og setja niður varanlega aðstöðu með þeim við Gufunes.

Á vordögum fékk klúbburinn bréf frá Orkuveitu Reykjavíkur þar sem lagt er blátt bann við kayakróðri á Elliðaánum. Fyrir okkur er þetta hið versta mál og það búið að taka

töluverðan tíma frá stjórn félagsins, en vonumst við til að það fái farsæla lausn áður en við byrjum æfingar aftur þar næsta vetur. Annars er góð drift í félaginu, nýir félagar bætast við, sundlaugaæfingar vel sóttar, róíð hefur verið vikulega frá Geldinganesinu í allan vetur og Elliðaánnar notaðar eins og hægt er, svo er mikil og metnaðarfull dagskrá framundan í sumar.

Ég vonast til að sjá sem flest ykkar á kayak í sumar hvort heldur á sjó eða í ám landsins.

Þorsteinn Guðmundsson
formaður

Stjórn Kayakklúbbsins 2005

Formaður

Þorsteinn Guðmundsson

Varaformaður

Jóhann Ragnar Kjartansson

Ritari

Guðmundur Jón Björgvinsson

Gjaldkeri

Guðmundur Breiðdal

Meðstjórnendur

Jón Skírnis Ágústsson

Páll Gestsson

Nefndir - Formenn**Ferðanefnd**

Jón Ágúst Guðjónsson

Ritnefnd

Snorri Gunnarsson

Keppnisnefnd

Þorsteinn Guðmundsson

Unglinga og fræðslunefnd

Jón Skírnis Ágústsson

Húsnæðisnefnd

Jóhann Ragnar Kjartansson

Sundlaugarnefnd

Bragi Þorsteinsson

Skemmtinefnd

Elvar Þrastarsson

Jón Skírnis Ágústsson

Sundlaugaræfingar

Sundlaugaræfingar eru haldnar í Laugardalslauginni á sunnudögum kl 20:00. Félagsmenn þurfa að borga ofan í laugina en aðrir 500 krónur að auki til klúbbsins. Sundlaugaræfingar eru ekki á sumrin.

Félagsróðrar

Félagsróðrar eru á laugardögum kl 9:30 á veturna en á fim-

UM KLÚBBINN

mtudögum kl 19:30 á sumrin.

Róðurinn færir á nýja tíma í maí og september.

Geymsluaðstaða

Klúbburinn býður félagsmönnum sínum upp á geymslu aðstöðu fyrir kajaka í Nauthólsvík og Geldinganesi. Gjaldið er 7000 kr fyrir einn bát í eitt ár. Til að fá pláss fyrir kajak er nauðsynlegt að vera skráður í klúbbinn.

Félagsgjöld

Einstaklingsgjald er 4500 kr. á ári og fjölskyldugjald er 6500 kr. á ári.



FRÉTTABRÉF KAYAKKLÚBBSINS

RITSTJÓRI

SNORRI GUNNARSSON - SNOGUN@INTERNET.IS

ÁBYRGÐARMAÐUR

ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON - KAYAK@ISLANDIA.IS

HÖNNUN OG UPPSETNING

SNORRI GUNNARSSON

FRÉTTABRÉF KAYAKKLÚBBSINS ER PRENTAÐ Í 1000 EINTÖKUM.

©2005 KAYAKKLÚBBURINN

SAGA KLÚBBSINS



Þann 19. júlí næstkomandi eru 25 ár frá því að Neil Shave kom til landsins í fyrsta skipti til að kenna okkur á kayak.


Þetta var 3ja daga námskeið haldið í sundlaug Garðabæjar og á Rauðavatni. Við vorum 8 sem sóttum þetta námskeið og þar af ein kona. Neil var ekta Breti, hann var búinn að vera í bréfasambandi við mig í rúmt ár til að undirbúa þetta námskeið það var nánast búið að skipuleg-

gja klukkan hvað hver og einn átti að læra veltuna, en það var að sjálfsögðu það sem menn vildu helst læra og hefur það ekkert breyst.



Neil Shave became a Senior Inland and Senior Sea Instructor in 1979. He has taught widely in the UK, West Germany, Holland, Belgium and France. In 1981 he founded the Drifningur Kayak Club, a team of voluntary instructors specialising in assisting youth organisations with their canoeing activities.

Þessi ágæti hópur lagði svo grunn að Kayakklúbbnum sem stofnaður var formlega rúmu hálfu ári síðar. Neil átti eftir að koma hér oft eftir þetta og kenndi fólki á kayak víða um land, hann settist svo að á Neskaupstað, þar sem hann lést haustið 2000.



WWW.KAYAKKLUBBURINN.IS

GELDINGANES

Geldinganesið er orðið að aðal aðstöðu Kayakklúbbsins í Reykjavík enda hefur staðurinn ýmsa kosti fyrir kajakfólk. Stutt er að róa úr augsýn húsa og út í náttúruna og gott er að setja kajaka á flot í fjörunni.

Aðstaðan er alltaf að verða betri og betri og er nú geymsluaðstaða fyrir 80 kajaka á svæðinu. Einnig er aðstaða til að hita sér kaffi og setjast niður. Á planinu er svo að setja upp aðstöðu til að skola gallana og sturtu til að skola af ræðurum.

Félagsróðrar Kayakklúbbsins eru í Geldinganesi og er þáttaka í þeim öllum velkomin. Félagssróðrarnir eru tilvaldir fyrir byrjendur, sem geta

róið með vanari ræðurum og kynnst nýjum róðrafélögum. Félagssróðrarnir eru á fimmtudögum kl 19:30 á sumrin en á laugardögum kl 9:30 á veturna.

Það eru margar vinsælar róðraleiðir frá Geldinganesinu. Hringurinn um nesið er um 6km og er hann tilvalinn fyrir léttan sprett. Þerney og Kollafjörður eru vinsælir staðir til að róa á ásamt Viðey og Lundey. Þegar vel liggur á mönnum er stundum róið frá Geldinganesinu í Nauþólsvík en sá róður er um 25 km.



Hvítir öldufaldarnir voru auðvitað bráðfallegir á að líta svona í fjarskaen var ráðlegt að róa yfir fjörðinn þessu sjólagi? Golan hafði aukist jafnt og þétt og mér datt í hug að best væri kannski að gista þarna í Drangey og róa út í Málmey morguninn eftir. Þegar við tróðum okkur í bátana við Uppgönguvík og rérum út fór um mig dálítil ónotakennd sem síðar tók á sig mynd lamandi öryggisleysis. Þegar við rérum út úr skjólinu norðan við Drangey leit ég í átt til Málmeyjar. Við mér blasti við mér kvíðvænleg sjón. Grimmir öldutoppar bitust eins og hundar úti á firðinum og þeyttu löðri hver í annan. Hvað var ég að gera hér? Ég var á lánsbáti sem ég hafði aldrei róið nema í logni. Og hingað til hafði ég ekkert verið of öruggur með jafnvægið á þessum mjóa bát. Ég var rifinn frá hugsunum mínum þegar fyrsta aldan hentist yfir dekkið og skvetti sér frekjulega í andlitið á mér. Ég sleikti út um og fann saltbragð í fyrsta skipti í ferðinni. Leit síðan á dökka hamraveggi Drangeyjar og sá sjóinn ólmast neðst í bjarginu með gargandi fugla allt í kring. Þetta var harðneskjulegt umhverfi og gjörólíkt hlýlegu grasflákunum uppi á eyinni. Ég hugsaði til þess með hryllingi ef ég hvolfdi bátnum þarna við bjargið í hvítfyssandi öldurótinu. Og svo kunni

ég ekki veltuna. Þetta var langt í frá eins og ég vildi hafa hlutina. Það yrði líka nær ómögulegt fyrir Rúnar að athafna sig undir bjarginu ef hann þyrfti að hjálpa mér. Eina leiðin var að róa frá eyinni og yfir í reglulegra sjólag. Önnur alda kom æðandi á móti mér og ég réri kröftuglega upp á hana áður en hún brotnaði. Svo kom skellurinn þegar stefnið hlunkaðist niður. Málmey hvarf mér sjónum þegar ég lenti á botni öldudalsins. Mér datt í hug að róðurinn yrði kannski viðráðanlegur ef ekki versnaði enn

ÖRLYGUR STEINN SIGURJÓNSSON OG RÚNAR PÁLMASSON RÉRU YFIR SKAGAFJÖRÐ Í ÁGÚSTBYRJUN 2004

frekar í sjóinn. En því miður sá ég eftir nokkur áratök að mig skorti kjark til að halda áfram og snéri bátnum varfærnilega við. Mér fannst út í hött að róa yfir fjörðinn í þessum öldugangi og réri til móts við félaga minn. Reyndi að sannfæra sjálfan mig um að það væri engin skömm af því að snúa við. En þegar ég nálgadist Rúnar og sá að engan bilbug var á honum finna, gat ég ekki annað en skammast mín og steinhélt bara kjafti. Hann fékk ekki að vita hið sanna fyrr en nokkrum dögum seinna. Eða vikum.

Ekkert Nema sjór
Axlirnar á mér voru orðnar svo stífar
að ég gat ekki litið til baka til að gá

að Rúnari. Drangey fjarlægðist jafnt og þétt en Málmey virtist ekkert vera leiðinni til mín. Hér og hvar voru illúlðlegir öldudalir sem ég prísaði mig sælan að lenda ekki í. Ég fann að ég átti í basli við að halda jafnvægi þegar ég fékk á mig slæmar öldur á bakborða. Þegar ég fór niður í öldudalina var ekkert að sjá nema sjó eins og ég væri staddur inni í herbergi með grænbláum veggjum. Þetta hafði ég aldrei áður upplifað í kajakferð. Hafði ég tekist á hendur of erfiða ferð? Myndi þetta enda með óhappi? Sjórinn lét of

illa til að hægt væri að framkvæma
félagabjörgun nema með heilmikilli fyrirhöfn ímyndaði ég mér.

Ég var stöðugt með hugann við það sem myndi gerast ef ég hvolfdi bátnum. Málmey birtist og hvarf á víxl. Um tíma náði dekkið á bátnum ekki að hreinsa sig af sjó áður en næsta lag reið yfir og gusaðist upp fyrir haus á mér. Það var ekki lengur saltbragð á vörunum, heldur inni í munninum. Ég hrækti stöðugt sjó og varð þyrstari með hverju árataki. Loksins glitti ég í appelsínugulan depil í fjarska upp á eyinni, sennilega vitahús og afréð að stefna á hann. Réri síðan samviskusamlega og fylgdist með áttavitanum. Þetta átti upphaflega að vera skemmtiferð en mér var löngu orðið ljóst að hún hafði snúist upp í óumbeðna alvöruferð. Til að auka á vandræðin



lak svuntan mín eins og gatasigti og ég fann hvernig vatnið barðist um ofan í bátinum. Það var ekki um annað að ræða en spyrða sig við bátinn hjá Rúnari og ausa á hálf tíma fresti. Á meðan við brösuðum við austurinn tókum við dýfur og nokkrar öldur stungu sér beint ofan í óvarið mannopið hjá mér. Gult vitahúsið nálgast hægt og rólega og bráðum var



DRANGEY 2004

ég farinn að greina glugga og hurð á honum. Öðru hvoru fannst mér ég vera kominn yfir það versta en síðan versnaði sjórinn aftur og sendi mér öldur á bakborða sem óðu yfir dekkið börðu mig upp á brjóst. Í nokkur skipti tók ég svo örvæntingarfulla mjaðmahnykki að nú hélt ég að ég færi í sjóinn. Hvað var ég eiginlega að gera hér? Yfir höfði mér sveimaði máfur. Eina hugsunin sem komst að hjá mér var að róa og missa aldrei taktinn. Húfan á hausnum á mér var orðin niðþung af bleytu og mig klæjaði stöðugt í nefið. Samt þorði ég ekki að sleppa áralagi til að klóra mér. Óttinn við að velta var hvergi nærri horfinn. Vitinn var farinn að sýna karma í gluggum og skelur á rauðgulri málningunni voru að koma í ljós. Þetta potaðist. Axlirnar voru eins og steinsteypa og herðarnar eins og járnteinn

hefði verið rekinn í gegnum þær. En mér var sama. Ég var farinn að herða róðurinn aftur og sá framundan betri sjó hlémegin eyjunnar. Loksins þegar ég lagðist á bakið í grýtttri fjörunni í Málmey fór ég að hlæja að ógreiddum reikningum heima í Reykjavík og einhverjum óskiljalegum áhyggjum sem höfðu nagað mig út af einhverjum óþarfa. Hér yfirgnæfði sigur viljans allt annað. Sjófuglar lágu í litlum flekkjum nálægt fjörunni.

TEXTI OG MYNDIR
ÖRLYGUR STEINN
SIGURJÓNSSON
ORSI@MBL.IS

Mynd

Hvammsvík fjölskylduparadís

Sími 566 7023 www.hvammsvik.is

Kayakverslun

Hvammsvík ehf stundar blómlegan innflutning á vörum fyrir kajaksportið, bæði plast og trefjaplast-bátum ásamt öllum mögulegum fylgihlutum. Um er að ræða vörumerki sem þekkt eru fyrir gæði s.s Palm, Lendal, Valley Kayaks, QajaQ, Hasle, Kirton, Rainbow, ShockWave o, fl. Einnig er boðið upp á sérþöntunarpjónustu og endursölu á notuðum búnaði.

Kayakferðir

Kayakferðirnar í Hvammsvík verða sífellt vinsælli. Við bjóðum upp á bæði stuttar og langar ferðir.

Kayaknámskeið

Hvammsvík býður upp á kayaknámskeið fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna.



Jæja þetta byrjaði allt á þriðjudegi eftir versló Elli party boy kom þunnur úr eyjum og við lögðum í hann á rauðu ofur súkkuni henni “Jennu Jameson”

firsta stopp á leiðinni var einhverstaðar í dal er rétt hjá Jatnsdal. Kíktum á bónda með stinnan rass sem átti heima hjá gljúfri með fossum í. Okkur leist ekki alveg á þá þar sem þeir voru allir hærri enn 60 m og lentu allir á steinum. Þannig það var bara að kveðja bóndan og halda áfram. Síðan var haldið af stað til Akureyrar þegar við eru að keyra niður



PARTY-BOYZ

Öxnardalinn sjáum við þessa svakalegu á sem rennur þarna á vinstri hönd öll drullug og brún þannig við hugsum vá bónus vatn og Jón party boy klæðir sig, hoppar í bátinn og rennir sér af stað. Eftir mega run, scout og adrenalín overdose kom Jón á bakkann skælbrosandi og feginn að lifa þessa geðveiku á af. Nú var ekkert annað að gera en að drífa sig úr fótunum og byrja að pósa fyrir straumkajakmanna dagatalið 2005. Rifinn var upp bjór og myndavél

og Elli fylgdist bíspertur með á meðan Jón tindi af sér spjarirnar. Síðan var brunað inn á eyrina með akrinum þar sem Jón Norðanheiðar Trashy, Garðar WC og þriðji aðili tóku á móti drengjunum með diskókúlurnar og buðu okkur í fótbolta og wiskey. í

hálfleik var svo farið yfir afrek dagsins og í ljós kom að ekkert bónusvatn var í Öxnadalsá heldur var sandstormur uppi á hálendi og allir lækir væru brúnir þessa dagana. Öxnadalsáin hafði því ekki verið mikið meira en smá lækur. Vaknið hjá Trashy var hressandi. Pizza og kók í morgunmat og svo var haldið í vinnuna til Norðanheiðar og lagt á ráðin um plan dagsins. WC bauðst til að skutla okkur í Garðsá, sem við þáðum með þökkum. Með

í för var einn af strákunum hans Garðars, upprennandi party dren-gur. Ekkert vatn var í garðsánni en það stoppaði party boys ekki og við ákváðum bara að dúndra niður. Jón var að fara ánni í fyrsta skipti og gekk ferðin mjög vel. WC hafði trúað okkur fyrir first decenti á móti Húsavík. Við lofuðum að fara það, en segja engum frá því, þ.a. hann gæti seinna “first” decentað það Eftir Garðsánni var skipt um föt og myndir teknar og svo var haldið af stað í þetta mis-sion. Við komum að Nípsá og sáum mjög flottann foss eins og WC hafði lýst fyrir okkur. Við löbбуðum upp með ánni, mjög flott gil og mega flott á. Þegar við vorum um það bil að ákveða að runna ánni komum

við að c.a. 12m fossi sem byrjaði og endaði í ruglinu og engin leið framhjá. Þá var ákveðið að sleppa ánni og taka bara síðasta fossinn, mega clean 6m dropp og góður myndastaður. Við fórum nokkrar ferðir og bóndinn og strákarnir á Níp, hópuðust að til að fylgjast með. Eftir nokkrar ferðir, slatta af myndum og fyrsta sund ferðarinnar töluðum við við bóndastrákana. Þeir voru bara nokkuð stinnir og sögðu okkur frá hópi manna sem hafði komið fyrr um vorið og farið fossinn. First decentið hans WC var greinilega ekkert fyrst decent og grunar okkur ákveðna kjúklingabita um að hafa klárað á undan okkur. Ekki annað að gera en að háttta sig og taka myndir fyrir daga-talið. Næst var ferðinni heitið á Egilstaði í staumvatnsparadís austurlands.

Eftir einmanna nótt í svítu á tjaldstæðinu á Egilstöðum var haldið í fróðleiksleit á bókasafnið þar sem við fengum að fara í herbergið þar sem þeir geyma öll An-drésblöðin sín. Eftir árangurslausa leit að fossabókinni í gegnum Andrés blöð og myndir af herra austurland síðastliðin 7 ár fórum við að keyra um sveitina í leit að fullkomnu ánni. Þar sem við vorum á ferð í ágúst voru KFC búnir með allt leysingavatnið og ekkert eftir handa party boys. Hringt var í Dóra og Olgu, því við vissum að þau ættu auka birgðir af vatni. Þau voru á leiðinni upp í sveit þ.a. ekkert varð úr því stefnumóti. Eftir mikið keyr fórum við aftur á Egilstaði þar sem allt var morandi í kayökum. Við kíktum upp að



Eyvindará og sáum að það voru einhverjir í ánni. Á bakkannum var einhver krakki

að pæla í að stökkva

í ánni og foreldrar hans, greinilega orðin þreytt á honum, hvöttu hann til að láta verða af því. Við horfðum á hann af brúnni í smá stund og stukkum svo út í til að sína honum hvernig party boys gera þetta. Rétt um það leiti sem við komumst á bakkann aftur sáum við tvo kayakmenn beygja fyrir hornið og voru það Jón Haukur og Hallgrímur. Þeir höfðu tekið léttan sundsprett

niður ánni og skriðu á bakkann sælir og syntir. Við ákváðum að fara ekki ánni þar sem stikan sýndi að ekkert vatn var í henni og svo var líka að koma grill tími. Þegar við komum á bílastæðið hittum við flotfrúna Helgu með fulla rútu af útlendingum. Hún stökk á okkur í paniki og spurði hvort við kynnum að gera lummur. Elli, lummu meistarinn, var með þetta á hreinu. Hann náði í jail house matreiðslubókina sína og um kvöldið voru svo kokkaðar lummur fram á nótt. Þar sem Elli hafði verið í beinu sambandi við innfædda vissi hann að fimmtudagar væru aðal djamm dagarnir á Egilstöðum. Eftir lummu baksturinn og nokkur viðreyn við útlenskar gellur ákváðum við að kíkja á Egilstaða gellurnar. Þar sem við þekktum herra austurland og vissum að við værum miklu sætari en hann vorum við ekki í nokkrum vafa um að þetta yrði gott party kvöld. En það var ekki. Við þræddum helsta skemmtistað Egilstaðinga og fundum þar okkur sjálfa og 3 bæjar róna. Þá var ekkert að gera en að senda Ella í útleigð og Jón í tjaldsvítuna. Núna var sko planið að róa. Nú var haldið inn á Seyðisfjörð og Fjarðará tekin í gegn. Sem fyrr var ekkert vatn en það stoppaði okkur ekki í þetta sinn. Við keyrðum upp að stórum fossi og ákváðum að sprengja eitt dekk í leiðinni. Eftir að hafa skutlað bilaða dekkinu í viðgerð fórum við í mission. Við klæddum okkur í gírinn og miðuðum á nokkra fossa sem við höfðum spottað

á leiðinni niður fjörðinn. Við byrjuðum á mjög léttum fossi og fórum nokkrar ferðir til að hita upp. Þá var komið að aðalrétti dagsins að hætta party boys. Fossinn var 2-3 bátslengdir á hæð og 1 á breidd. Elroy skellti sér niður en Þjónni sat hjá með kastlínu í fanginu. Eftir fossa stökk og bátarispun í Fjarðaránni var haldið í sund og mömmur Egilstaða skoðaðar. Núna vorum við skrubbaðir og frískir og héldum á vit Kojaksins í double franskar og kaffi. Eftir myndasýningu og svaðilfara sögur á Kaffi KGB fór Kojak til Akureyrar og

við í matreiðsluna. Ofurkokkarnir í party boy genginu kokkuðu upp ofur pulsu/ baunasúpu á primus og skelltu sér svo til útlendinganna og flotfrúarinnar. Eftir tjatt, meiri mat og bjór hélt hersinginn á skemmtistað bæjarins með boðskap party boy laganna í huga “hæ sæta stelpa ég ætla höstla þig í kvöld”. Eins góður félagi og Elmo var fórnaði hann sér og tók eitt dj. Eins og venja er á Egilstöðum var bara einn maður í tjaldsvítunni um nóttina. Á nýjum degi var haldið í dvergaskoðun og morgunmat. Eftir stutt stopp var haldið af stað vestur og allar sprænur og fossar skoðaðir á leiðinni. Við stefndum inn í mega rigninguna sem hafði legið yfir suðurlandi síðastliðna viku og brunuðum beint inn í Þjórsárdal þar sem við áttum gistingu í bústað. Syngjandi “allar stelpur úr að ofan”, “fjórtán ára óhóh”, “stelpur hreyfa brjóstin sín” og fleiri lands þekktu slagara á leiðinni í bústaðinn. Kvöldið endaði svo í heitum potti, bjór og eitt leiddi af öðru og við sváfum ekki í sitthvoru lagi þessa nóttina. Nú var kominn sunnudagur og tími til að róa eitthvað í þessari kayakferð. Við hóuðum saman Ragga og Kristjáni, fjórtán ára. Héldum í eystri Rangá sem hafði safnað bónus vatni í öllum rigningunum. Raggi keyrði ofur fólksbílinn hans Kristjáns langleiðina upp syðri Fjallabak og grjót og stærri grjót endurhönnuðu botninn á bílnum. Við sáum að það var gott vatn í ánni. Þar sem Jónó var búinn að synda allt of oft í

þessari hringferð ákvað hann að sleppa fyrsta droppinu í ánni til að taka myndir. Annað droppið er stærsta droppið í ánni þar fóru allir og í flúðinni eftir það ákvað Jóbba að skella sér á sund til að halda sér í formi. Hann endaði hangandi á bátnum sínum upp við grjót og enn þann dag í dag sjást tanna og nagla förin í hrauninu þar sem hann klifraði upp úr ánni. Þarna hæt ti Jókó að róa þar sem árin hafði gefist upp á honum og stakk af inn í undercut. Strákarnir kláruðu ferðina og biðu eftir að láta mynda sig í fataskiptunum þegar þeir komu upp úr. Í dag eru party boys í fullu fjöri. Búnir að halda glæsilegustu árshátíð ársins 2005, gefa út smellið dagatal og stinna boli. Einnig bjóða drengirnir upp á kennslustundir í fyrirsætu störfum því þeir urðu þreyttir á að vinna bara með amatörum að gerð dagatalsins 2005. Að lokum vilja party boys þakka Pilsner fyrir ferskleikann, Tuborg fyrir orgið, WC fyrir skuttlið, Norðanheiðar fyrir gistinguna, konuna hans Trashy fyrir að leyfa okkur að sofa uppí, hr. austurland fyrir að skilja eftir sætar stelpur á Egilstöðum, KGB fyrir franskar, Kojak fyrir skallann, flotfrúnni fyrir útlendingana, Egilstöðum fyrir djammstaðina, Dóra fyrir Olgu, eystri Rangá fyrir að geyma árina, Eyvindar á fyrir að geyma árina, Helmut fyrir að skemmta á árshátíðinni og góðar kvöldstundir, Alla Möller fyrir not á wc-inu, Oldboys fyrir að láta ekki sjá sig, Sjóhundi- num fyrir að skilja... nokkrum sinnum, Viktor fyrir að skilja, Kojak fyrir að skilja og öllum hinum sem skilja, Dáðadrengjum fyrir super mario bræður. fólkið á Tó- kastöðum vill sérstaklega þakka KFC fyrir græna grasið í brekkunum. Á þessu ári fórum við annan hring, stærri, betri og stinnari.

TEXTI OG MYNDIR
JÓN SKÍRNIR
ÁGÚSTSSON
JSH@HI.IS





Um vorið 2004 fór undirritaður ásamt nokkrum félögum í Kayakklúbbnum á námskeið hjá ASSC sem er sjókajak miðstöð á eyinni Angelsey í Norður Wales. Ferðin var í alla staði frábær og ótrúlega góð reynsla í kajakmennsku. Allt ævintýrið kostaði um 60,000 með flugi, gistingu, námskeiðum og upphaldi. Hægt er að lesa ferðasögu á vef Kayakklúbbsins. Hér er smá brot.

- Ekkert lát var á ærslaganginum en maður var fljótur að finna taktinn og þá gekk allt eins og í sögu. Eftir u.þ.b. 2 mílur komum við að stórrí vík og varð þá sjórinn útreiknanlegri, við notuðum hafölduna til að "surfa" inn vikina og var ótrúlega gaman þegar kajakinn tók á skrið undan öldunni, líkara því að vera á snjópotu en í kajak. Við stöldruðum við í vikinni um tíma og rérum út og inn úr vikinni til að æfa brimreiðina. Eftir svolitla stund var ákveðið að halda áfram fyrir næsta

nes. Við tók sami grautarpotturinn nema heldur ruglingslegri og hvítfextur á köflum. Strax á fyrstu metrunum fyrir nesið hvolfði einum ræðanum og fór úr bátunum, Harry, einn leiðsögu mannanna, var fljótur til og framkvæmdi óaðfinnanlega félagaþjörgun og áfram var haldið -

Námskeiðin sem eru í boði eru öll viðurkennd af breska kayaksambandinu BCU og eru kennararnir allir á heismælikvarða. Það er um að gera fyrir kajakfólk að

ANGELSEY 2004



prófa svona ferð. Í vor fór 6 manna hópur til Angelsey og vonandi eiga fleiri eftir að bætast í hópinn.
www.assc.org.uk

TEXTI SNORRI
GUNNARSSON
MYNDIR ARI
BENEDIKTSSON



auglýsing títan

Það má segja að sagan byrji fyrir rúmum 34 árum þegar faðir minn heitinn fékk lánaðan bát hjá nágranna okkar og fór með mig og systkyni mín í smá róður um fossvoginn. Sól skein í heiði og fyrir 6 ára strákpatta var margt að sjá í sjónum þegar legið var í stafninu og horft ofan í undirdjúpin. Síðan lá leiðin í siglingaklúbbinn Kópanes, þar sem ég eyddi öllum stundum þegar tími gafst við siglingar á árabátum, skútum, kayökum og öllu sem flaut. Og loks fyrir rúmum 6 árum fengu skúturnar að víkja fyrir straumvatnskayak. En það hafði lengi verið ofarlega á óskalistanum að prufa það sport. Er stutt frá því að segja að ég kolféll fyrir kayaknum og hef eytt djúgum tíma undanfarin ár á flotu um hinar ýmsu ár og læki landsins. En meðfram straumvatnssullinu hef ég prufað hina ýmsu sjókayaka við hins ýmsu tækifæri og var löngu búin að átta mig á því að þetta væri hinn besti ferðamáti til að komst nær sjófuglum og öðru sem tengist náttúruskoðun.

Bætt í bátasafnið

Það var síðan síðastliðið sumar að ég bætti við tveim sjókayajökum í bátasafnið. Einn handa mér og annan handa betri helmingnum og

fóru þá hlutirnir að rúlla af stað í sjókayakmennskuni. En síðastliðin vetur hafði ég verið farið með hana á æfingar í laugardalslaugini hjá kayakklúbbnum og kennt henni

HVAMMSFJÖRÐUR

undirstöðu atriðin í félagabjörgun og öðru því sem lítur að öryggi kayakræðara. Þetta skilaði þeim árangri að hún kolféll fyrir sjókayak



og öllu því sem hann býður upp á. Eftir marga kvöldróðra og flakk í kringum borgina með kayakana sátum við eldsnemma morguns í bílnum með bátana á toppnum á leið út Fellsströndina til móts við vini og kunningja úr Kayakklúbbnum í landi Ysta-Fells, er ekki laust við að það hafi farið fiðringur um mann. Því á þetta svæði hafði ég oft komið í gegnum tíðina og oft spáð í það

hve gaman það gæti verið að skoða eyjarnar, skerin og hólmana í mynni Hvammsfjarðar.

Gott Skipulag

Ferðin var alveg þaulskipulögð og höfði þeir Reynir Tómas Geirsson og Sævar Helgason lagt mikið á sig til að gera þessa ferð mögulega. Sævar helltist síðan úr lestini á síðustu stundu sökum veikinda.

Þegar við rendum í hlað á Ysta-felli var ekki mikið líf í mannskapnum enda flestir rétt að vakna eftir náðuga nótt í tjaldinu. En fólk var þó fljótt að taka við sér þegar það varð vart við umgang fyrir utan tjöldin. Planið var að róa út með eyjunum í átt til Purkeyjar, taka pásu þar og róa síðan í Hrappsey og tjalda þar. Ferðaáætlunin var þó ekki alveg heilög enda margt á svæðinu sem fólki langaði til að skoða. Þegar fólk var

búið að hella uppá og taka sig til var brunuðum við Reynir Tómas með bílinn minn út að húsum sem standa í fjöruni fyrri nrndan bæin Hnúk og skildum hann þar eftir. Því það stóð jafnvel til að enda þar. Veðrið var mjög gott, sól skein í heiði og léttur aflandsvindur var í boði. Okkur var því ekki til setunar boðið mikið lengur og rérum því af stað í móts við náttúrufegurðina.

Straumar og rastir

Á þessum slóðum eru miklir straumar og getur því verið varasamt fyrir óvana að þvælast þarna án aðstoðar sér reyndari ræðara. Enda kom fljótlega í ljós að straumarnir áttu eftir að spila megin rulluna í róðri dagsins. Fljótlega komum við að þröngu sundi þar sem heitir knarrarbrjótur og er það mjög skiljanlegt nafn þegar maður situr þar í sjókayak og fylgist með kröftum sjávarfallana í logni og sól. Þarna stoppaði hópurinn og stutta stund á meðan þeir vöskustu léku sér í straumkastinu og öldum sem buðu



upp á “brimreið” í logni. Þarna var tekin sú ákvörðun að kíkja aðeins nær Hvammsfjarðarröstini því þar sem við sátum í bátunum heyrðum við stöðugan niðin í henni líkt og í stórfljóti skammt undan okkur. Þó létum við okkur nægja að dást að henni úr fjarlægð enda ætluðum við okkur ekki að eyða deginum í að róa í röstini. Nú var stefnan tekin á Purkey og tekið land þar sem heitir Írahöfn þar sem hópurinn kom smá næringu í kroppin. Þaðan lá síðan leiðin með ægifögru stuðlabergi í vestur og suðurstakk ásamt Uglunum, en þetta eru allt eyjar skammt frá Purkey. Nú lá leiðin gegnum Selasund með stefnu á Dímonaklakkana. En þess má geta að á leiðinni hafði fjöldi sela vitjað okkar ásamt þúsundum sjófugla. Róið var með fram klökkunum og tekið land á þeim stærri. Þar tók við smá göngutúr upp á topp hæstu eyjarinnar í mynni Hvammsfjarðar, og það var göngutúr sem skilaði sér. Því útsýnið var stórfenglegt. Eyjarnar lágu þarna beint fyrir fótum okkar og mátti því sjá til flestra merkisstaða í nágrenninu þarna af toppnum.

Náttstaður

Frá klökkunum lá síðan leiðin vestur fyrir Hrappsey því nú skildi leitað gististaðar í Hrappsey. Reynir og Sævar höfðu fengil leyfi landeigennda Hrappseyjar til að tjalda þar og hófum við því leitina af bæjarrústum eyjarinnar. Eftir drjúgan róður og nokkrar landtökur hingað og þangað

um eyjuna fundum við húsið og til að sleppa við frekari róður bárum við bátana upp í manngert lón í einum firði eyjarinnar og rérum inn það. En lónið endaði fyrir neðan

KLÚBBFERÐ

íbúðarhúsið, sem má muna sinn fífil fegri.

Eftir að hafa slegið upp tjöldum var kveikt í krillkolunum og hafist



handað við matseld. Yfir kvöldmatnum heillaði Reynir okkur með sagnagleði sinni því hann hafði tekið saman smá pistil um það helsta sem ritað hafði verið um Hrappsey og fleiri eyjar á leið okkar fyrr um dagin. Það var því sæll og glaður hópur sem sofnaði svefni hinna réttlátu í landi fyrstu einkareknu prentsmiðu á Íslandi.

Síðasti leggurinn

Dagin eftir var sælu blíða, sól skein í heiði og logn var um allan Hvammsfjörð. Tekin var ákvörðun um að klára hringin um Hrappsey og róa síðan með Klökkunum aftur og

taka þaðan stefuna á Fremri langey. Eins og áður sagði var koppalogn og spegilsléttur sjór og bar fátt til tíðinda á leiðinni utan að hin rómaða náttúrufegurð svæðisins greypti sig inn í huga ræðarana. En skyndilega var þó þögnin rofin með háværum skræk. Á svæðið var mættur konungur háloftana, haförn og hnitaði hann hringi yfir hópnum áður en hann hafði sig á brott. Þetta var

mjög tignarleg sjón enda ekki á hverjum degi sem slíkur gestur vitjar manns á flakki um landið.

Tekið var land í Áney en hún er skammt vestan við Fremri langey og þar snætt og skrafað um hinn óvænta gest.

Frá Áney var stefnan tekin inn með Langeyjunum með stefnu inn Kvennahólsvoginn þar sem bíllin beið í fjöruni fyrir. Á leiðinni byrjaði aðeins að kula en þó ekki meira en

svona 4 gömul vindstig. Skammt undan landi rákust við á tvo þangskurðarpramma frá Reykhólum. Það var síðan þreyttur en þó sáll hópur sem tók land í fjöruni við Hnúk eftir góða helgi við eyjarnar í mynni Hvammsfjarðar.

TEXTI OG MYNDIR
GUÐMUNDUR JÓN
BJÖRGVINSSON



08. Maí 2005 - Reykjavíkurbíkar

Keppt er í tveim vegalengdum, sú styttri hentar vel þeim sem eru að byrja í sportinu. Ath keppnin er sunnudaginn 8.maí.

13. Maí 2005 - Sjókayakmót Eiríks-Rauða í Stykkishólmi.

Umsjón: Þorsteinn Sigurlaugsson, Sagan kayakferðir, Skólastíg 28, 340 Stykkishólmi, kayak@vef.is, www.kayakvef.is, s. 6903877, Pétur 893-1791, petur@hvammsvik.is, Sigurjón, s. 8931808, sigurjon.thordarson@simnet.is

21. Maí 2005 - Sjó- og straumvatnsmenn sameinast í Hvítárferð

Þe□

niður að Drumboddstöðum. Umsjón: Jói, s. 663 5578, Elli, s. 867 3113

10. Júní 2005 - Nýliðaferð í Galtalæk 10. - 12. júní

Ferð þessi er ávallt vinsæl fjölskylduferð þar sem farið er í Galtalæk og tjaldað á föstudagskvöldinu, kennsla á laugardagsmorgninum og áin róin seinnipartinn. Umsjón: Elli, s. 867 3113, Bragi s. 867 5963.

18. Júní 2005 - Ferð á Þingvallavatn

Umsjón: Reynir Tómas, s. 824 5444, reynir@landspitali.is eða marest@tv.is

23. Júní 2005 - Jónsmessumót í Hvammsvík

Umsjón: Pétur 893-1791, petur@hvammsvik.is

24. Júní 2005 - Tungufljótskappróður

Keppnin hefst kl. sjö föstudagskvöldið 24. júní. Tengiliður er Steini kayak@islandia.is

29. Júní 2005 - Flatey á Breiðafirði 29. júní - 5.júlí

Skíðblaðnir, kajakfélag Breiðafjarðar, verður með lítið kajakmót í Flatey á Breiðafirði 29/6 - 5/7. Frekari dagskrá auglýst seinna. Tengiliður: Magnús A. Sigurðsson, s. 438 1880, 895 1880, magnus@fornleifavernd.is

08. Júlí 2005 - Straumfjarðarferð Kayakklúbbsins 8. - 10.júlí

Árle□

Allir eru velkomnir, hvort sem þeir eru klúbbfélagar eða ekki. Umsjón: Reynir Tómas, s. 824 5444, reynir@landspitali.is eða marest@tv.is

16. Júlí 2005 - Siglingadagar á Ísafirði. 16. - 25.júlí

Á Ísafirði verður eins og í fyrra heil vika tileinkuð sjósporti og á kayakinn þar stærstan hlut, dagskráin verður kynnt síðar. Tengiliður; Sigurður Hafberg, jens@snerpa.is, sjá einnig www.isafjordur.is/siglingadagar

19. Júlí 2005 - Sjókayakferð á Austfjörðum 19. - 24 júlí

Þessa daga (þriðjudag til laugardags) ætla félagar í kayaklúbbnum Kaj á Neskaupstað að taka á móti okkur. Tengiliður; Ari 863-9939, ari@honnun.is

24. Júlí 2005 - Keppni á Ísairði

Með svipuðu sniði og í fyrra. Tengiliður; Sigurður Pétur Hilmarsson sphilm@snerpa.is

05. Ágúst 2005 - Ferð í eyjar og strauma sunnan Breiðasunds í Hvammsfjarðarmynni

Fe□

Skógarströnd (bær Eiríks rauða). Umsjón: Reynir Tómas, s. 824 5444, reynir@landspitali.is eða marest@tv.is

28. Ágúst 2005 - Hvítárvatn (berjaferð) 28. - 29.ágúst

Farið á laugardagsmorgni upp að Hvítárbrú norðan Bláfellsháls. Umsjón: Reynir Tómas, reynir@landspitali.is og marest@tv.is

03. September 2005 - Hvammsvíkurmaráðon

tengiliður er Pétur petur@hvammsvik.is

03. September 2005 - Þjórsár - Rodeó

Skráning til keppni hefst kl 13:00 undir gömlu brúnni.

18. September 2005 - Ferð á Þingvallavatn, færist til eftir veðri

Umsjón: Ásta, s. 567 4603, astathor@mi.is, nánar auglýst á korkinum.

12. Ágúst 2006 - Langisjór 12. - 14.ágúst

Þessi ferð verður skipulögð á korki Kajakklúbbsins. Tengiliðir: Anna María, annamariageirsd@hotmail.com, s: 6959925 eða Ásta, s. 567 4603, astathor@mi.is

